

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Úlfjótuvatn - frístundabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að um 56 ha svæði vestan við Úlfjótuvatn breytist í frístundabyggð og verður frístundabyggð á samfelldu svæði, samtals 67,7 ha að stærð.

Vatnsvernd í Hagavík er aflétt og lega fyrirhugaðs vegar austan Villingavatns breytist og verður samhliða reiðleið milli Villingavatns og Úlfjótuvatns.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*